

Fundargerð 286. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 286. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 3.september í Orkuveitu Reykjavíkur

Efni fundar:

- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí. Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- Önnur mál

| | | |
|--------------------------------------|--------------------------|------------------------|
| Dags.fundar: 3.september 2019 | Tími: 11:45-13:00 | Nr. fundar: 286 |
| Fundarboðari: AÓG | Fundarritari: GA | Staður: OR |

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Jón Gunnar Borgþórsson og Sigríður Harðardóttir.

Fjarverandi: Ásdís Erla Jónsdóttir, Guðjón Örn Helgason og Kristján Geir Gunnarsson

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Trello:** Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna). Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður Stjórnvísí kynnti Trello borð stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættu á fundinn eru komnir með aðgang og gerir Trello borðið allt starf stjórnar sýnilegra og einfaldara. Trello borð stjórnar er sett upp í sex dálka: Plan Do Check/Act verklok, Árangur, Árleg verkefni og áhersluverkefni og Önnur verkefni. Stjórn hefur aðgang í One drive að öllum gögnum félagsins og eru einnig allir komnir inn þar. Stjórn hefur ákveðið að samskipti verði á facebook til hagræðingar. Það sem farið var yfir á fundinum í Trello borðinu var:
 - Kick off fundur með stjórnnum faghópa var haldinn í Nauthól. Á fundinn mættu nær 70 manns og hafa aldrei fleiri mætt á slíkan fund. Drög að dagskrá 120 funda hafa verið send á félagsmenn. Stjórn ræddi hvað var vel gert og hvað má betur fara og er það ritað inn í Trello borðið.
 - Miðar af Kick off fundi – farið var yfir alla miða um hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara. Miðarnir með verkefnum um hvað mætti betur fara var deilt niður eftir verkefnum stjórnar og verða úrlausnir kynntar fyrir félagsmönnum á janúarfundi í Marel.
 - Hausráðstefna Stjórnvísí:

- Ráðstefnustjóri verður Guðfinna Bjarnadóttir LEAD consulting, fyrrverandi rector HR.
 - Fyrirlesarar verða þau: Steinunn Ketilsdóttir Intellecta, formaður faghóps um stafræna fræðslu og Antoine Merour Business Landscape og fyrrum framkvæmdastjóri stærsta tölvuleikjafyrirtæki í heimi.
 - Yfirskrift ráðstefnunnar verður: “Er TRAUST stærsta áskorun stjórnunar í framtíðinni?”
 - Búið er að staðfesta ljósmyndara og verður ráðstefnunni streymt
 - Stjórn mætir snemma og býður alla velkomna
 - Boðið verður upp á glæsilegt morgunverðarhlaðborð.
 - Strax að lokinni ráðstefnu verður stjórnarfundur á Bjargi.
- Fundur með fagráði verður boðaður í október
 - Mælingar á starfsemi félagsins eru áfram í þróun þ.e. mælaborð.
 - Vikupóstar eru nú sendir út á föstudögum kl.13:00 í stað þess að senda þá út á sunnudögskvöldum kl.18:00.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
 - **Mælaborð Stjórnvísí:** Þar sem starfsárið er að hefjast eru fáir fundir komnir inn á dagatal, mælaborð verður kynnt á næsta fundi sem verður haldinn að haustráðstefnu lokinni. Nú eru átta fundir bókaðir í september og vel bókast á þá alla. Fimm fundir eru bókaðir í október auk haustráðstefnunnar.
 - **Önnur mál.**
 - Formaður mun senda á stjórn dagsetningu varðandi skemmtiferð stjórnar á sjóstöng í september.
 - Allir í stjórn eru hvattir til að tagga aðila sem þeir þekkja á myndum frá fundum félagsins.
 - Samstarf verður við Icelandic startups í vetur og verður fyrsti fundurinn 9.september í hádegi á Þjóðminjasafninu.